

Punkturinn 1.tbl. 4.árg. 2014 - Fréttabréf um skattamál


Í þessu fyrsta tölublaði ársins 2014 förum við yfir helstu skattabreytingar ársins 2014. Þá er að finna umfjöllun um ný heildarlög um stimpilgjald.

Einnig er vakin sérstök athygli á að frá og með 1. janúar 2014 mun umsjón með skráningu firma eins manns, sameignarfélaga og samlagsfélaga vera á einum stað hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra í stað þess að vera umdæmaskipt hjá sýslumönnum. Að lokum er stuttlega fjallað um reglugerð nr. 1102/2013 um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.

Rétt er að geta þess að skattabæklingur Deloitte, Skattamál 2013/2014 hefur verið gefinn út. Bæklinginn er hægt að nálgast á skrifstofum Deloitte, á heimasíðu okkar www.deloitte.is og í appinu okkar; "deloitte iceland".

Þá vill Skatta- og lögfræðisvið Deloitte minna á að starfsmenn þess eru ávallt reiðubúnir að veita aðstoð á svið skatta- og lögfræðimála.

- *Yfirlit um helstu skattabreytingar ársins 2014. Sjá umfjöllun á bls. 2.*
- *Í kjölfar nýrra laga um stimpilgjald er fallin niður skylda til greiðslu stimpilgjalds vegna ýmissa skjala, t.d. hlutabréfa. Stimpilgjald við yfirfærslu fasteigna og skipta yfir 5 brúttótonnum einstaklinga er nú 0,8% en stimpilgjald lögaðila 1,6%. Sjá nánari umfjöllun um lög in á bls. 3.*
- *Firmaskrá hefur verið færð frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra. Öllum tilkynningum er varða firma eins manns, sameignarfélög og samlagsfélög skal því beint til fyrirtækjaskrár í stað sýslumannsembætta. Sjá umfjöllun á bls. 4.*
- *Athygli er vakin á því að 11. desember 2013 var gefin út reglugerð nr. 1102/2013 um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum þar sem m.a. er skilgreint hvað felst í hugtökunum lágskattaríki, CFC-félag, stjórnunarleg yfirráð og raunveruleg atvinnustarfsemi CFC-félags. Sjá umfjöllun á bls. 4.*



Helstu skattbreytingar 2014

Yfirlit yfir allar helstu skattbreytingar sem tóku gildi um áramót



Staðgreiðsla 2014, stighækkandi tekjuskattur

Árstekjur:

Kr. 0 - 3.480.000 (tekjuskattur 22,86 + meðalútsvar 14,44).....	37,30%
Kr. 3.480.001 - 9.415.428 (tekjuskattur 25,3 + meðalútsvar 14,44)	39,74%
Yfir kr. 9.415.428 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,44)	46,24%

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en kr. 9.415.428 skal það sem umfram er skattlagt með 25,3% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir kr. 9.415.428, þó reiknast 25,3% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en kr. 2.967.714 við þessar aðstæður.

Persónuafsláttur

Tekjuárið 2013 (kr. 48.485 á mánuði)	581.820 kr.
Tekjuárið 2014 (kr. 50.498 á mánuði)	605.977 kr.

Heimilt er að færa allt að 100% af persónuafslætti milli hjóna og sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist og skráðri samvist. Börn innan 16 ára njóta ekki persónuafsláttar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát.

Skattleysismörk eftir lífeyrissjóðsfrádrátt 2014 1.692.295 kr.

Iðgjöld til lífeyrissjóða

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu 4% af heildarlaunum sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum. Auk þess er heimilt að halda utan staðgreiðslu allt að 2% af heildarlaunum vegna viðbótartryggingarverndar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum laga (hækkar í 4% frá og með 1. júlí 2014).

Afleiðusamningar

Litið er á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað/tap í stað vaxtatekna/gjalda. Engin staðgreiðsla er því af söluhagnaði afleiðuviðskipta og heimilt er að jafna saman hagnaði eða tapi af sölu afleiðna á tekjuárinu.

Vaxtabætur

Sérstakar reglur gilda til bráðabirgða um ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2014. Almennt verða vaxtabætur vaxtagjöld að frádregnum 8,5% af samanlögðum tekjuskattsstofni við ákvörðun vaxtabóta vegna tekna, eigna og skulda árið 2013.

Tryggingagjald að meðtöldu markaðsgjaldi og ábyrgðargjaldi atvinnurekenda árið 2014:

Almennt gjaldstig.....	7,59%
Laun sjómanna.....	8,24%

Endurgreiðsla virðisaukaskatts - framlenging

Þeir sem byggja íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði fá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiðdan. Endurgreiðslan á einnig við um eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald húsnæðisins. Endurgreiðslan nær einnig til keyprar þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis. 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts er tímabundin og gildir til 1. janúar 2015.

Ýmsar breytingar:

- Fjárhæðarmörk skattþrepa einstaklinga taka breytingum í upphafi árs í réttu hlutfalli við hækkun launavísitölu síðustu 12 mánaða, nú um 6,1%. Fyrsta þrep staðgreiðslu var hækkað sérstaklega um 20% á milli ára. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 4,2%.
- Bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga um auðlegðarskatt var ekki framlengt og verður skatturinn því ekki lagður á við álagningu 2015.
- Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar veðskulda einstaklinga og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2014.
- Felldar eru brott sérstakar reglur um að ef úthlutun arðs til starfandi hluthafa fer yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félags teljist það sem umfram er til helminga laun og arður.
- Frítekjumark vaxtatekna einstaklinga hækkar úr kr. 100.000 í kr. 125.000.
- Frítekjumark barna hækkar úr kr. 100.745 í kr. 180.000.
- Tekjur af afleiðusamningum skal meðhöndla sem söluhagnað eða –tap en ekki sem vaxtatekjur. Staðgreiðsla af söluhagnaði afleiðusamninga fellur því brott og heimilt er að jafna saman hagnaði og tapi af sölu afleiðusamninga á tekjuárinu.
- Maður skal reikna sér endurgjald fyrir starf á vegum lögaðila m.a. þegar hann vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðilar. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila. Áður var miðað við að hver um sig ætti 20% í lögaðilanum.
- Lögfest hafa verið ítarlegri ákvæði um milliverðlagningu sem veita yfirvöldum heimild til að meta og leiðrétta verð eða skilmála í viðskiptum tengdra lögaðila ef þau eru ekki sambærileg því sem almennt gerist á milli ótengdra aðila. Tekið skal mið af reglum milliverðlagningar OECD. Skilgreint er hverjir teljast tengdir lögaðilar í þessum skilningi og skylda er lögð á tiltekna lögaðila að skrá upplýsingar um eðli, umfang og verð viðskipta við tengda aðila og varðveita ýmis gögn í því samhengi.
- Lagt er til að tekjuskattur verði lagður á óinnleystan hagnað sem hefur orðið til hér á landi við samruna lögaðila yfir landamæri, en veittur er allt að 5 ára greiðslufrestur á skattinum sé þess óskað.
- Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar skulda rekstraraðila vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika hafa að hluta til verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2014.
- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki - Skattstofninn verða skuldir aðila umfram 50 milljarða króna en var áður heildarskuldir samkvæmt skattframtali. Skattskylda nær nú til fjármálafyrirtækja í slitameðferð og hækkar skatthlutfallið úr 0,1285% í 0,376%.
- Almennur fjársýsluskattur sem reiknaður er af launum og hlunnindum fjármálafyrirtækja lækkar úr 6,75% í 5,5%.

Lög um stimpilgjald

Ný heildarlög um stimpilgjald tóku gildi 1. janúar 2014.

Samkvæmt lögnum nær greiðsluskylda stimpilgjalds einungis til þeirra skjala er varða yfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi. Ekki er því lengur skylt að greiða stimpilgjald vegna lánskjala, þ.m.t. skilmálabreytinga á lánskjöllum, hlutabréfa, skilríkja fyrir eignarhlut í félögum og félagssamninga. Þá hefur einnig fallið á brott skylda til að greiða stimpilgjald vegna kaupmála, váttryggingarskjala, aðfarargerða, kyrrsetningargerða, löggeymslna, leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign.

Stimpilgjaldið við yfirfærslu fasteigna og skipta yfir 5 brúttótonnum er 0,8% af þegar réttthafi er einstaklingur en 1,6% þegar réttthafi er lögaðili.

Gjaldstofn stimpilgjalds er verð viðkomandi eignar eins og það er tilgreint í gjaldskylda skjali. Stimpilgjald vegna eignaryfirfærslu fasteignar ákvarðast eftir matsverði eins og það er skráð í fasteignaskrá þegar gjaldskylda stofnast. Stimpilgjald vegna eignaryfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum ákvarðast eftir því verði er fram kemur í kaupsamningi eða öðru skjali um eignaryfirfærslu, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum. Þegar fasteign eða skipi yfir 5 brúttótonnum er úthlutað félagsmanni í félagi við félagslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhlutur hans í eigninni verður meiri en eignarhlutur hans var í félaginu.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er kveðið á um sérstaka undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds vegna eignaryfirfærslu fasteigna eða skipa yfir 5 brúttótonnum sem eiga sér stað vegna samruna eða skiptingu félags. Frá og með 1. janúar 2014 eru því eignaryfirfærslur fasteigna og skipa yfir 5 brúttótonnum stimpilgjaldsskyldar við samruna eða skiptingar. Á stimpilgjaldsskyldan einnig við um eignaryfirfærslur innan félagasamstæða.

Breyting á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, lögum um sameignarfélag og lögum um fyrirtækjaskrá – flutningur firmaskrár frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár

Á Alþingi hafa verið samþykktar breytingar á framangreindum lögum með það að markmiði að flytja firmaskrá frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra og að skráning alls atvinnurekstrar verði þannig á einni hendi. Í því felst að firma eins manns, sameignarfélag og samlagsfélag verða héðan í frá skráð hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra í stað þess að sýslumenn haldi utan um skráningu þeirra, hver í sínu umdæmi. Ástæða breytinganna er fyrst og fremst sú að með þeim verður hægt að nýta þá þekkingu og tölvukerfi sem eru fyrir hendi hjá fyrirtækjaskrá til að halda utan um skráningu þeirra félaga ásamt því að einfalda almennt skráningu mismunandi félagaforma. Þannig felur breytt fyrirkomulag í sér samræmingu á landsvísi og vonir standa til að þjónustan við atvinnulífið verði betri og skilvirkni og hagræði í tengslum við þessa vinnu meira.

Lögin tóku gildi 1. janúar 2014. Öllum tilkynningum er varða framangreind félag skal því komið til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra í stað sýslumannsembættta.

Reglugerð um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum nr. 1102/2013

Athygli er vakin á því að reglugerð um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum nr. 1102/2013 var útgefin 11. desember 2013 á grundvelli 7. mgr. 57. gr. a. laga um tekjuskatt. Í ákvæðinu kemur fram að ráðherra skuli með reglugerð setja ákvæði um nánari framkvæmd greinarinnar (þ.e. CFC- reglunnar) og meðal annars skilgreina hvað felst í hugtakinu raunveruleg atvinnustarfsemi.


Í reglugerðinni er m.a. nánar skilgreint hvað felst í hugtökunum lágskattaríki, CFC-félag, stjórnunarleg yfirráð og raunveruleg atvinnustarfsemi CFC-félags. Þá er einnig fjallað um hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt svo undanþága frá skattskyldu samkvæmt greininni eigi við. Þá er jafnframt fjallað um hvaða aðferð skuli notuð við ákvörðun á hlutdeild skattaðila í tekjum CFC- félags sem og hvaða reglur gildi um skattlagningu arðsúthutunar. Að auki er kveðið á um þá skyldu skattaðila sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar að láta árlega fylgja með skattframtali sínu til Ríkisskattstjóra skýrslur um eignarhald á CFC- félagi ásamt nánari skýringum í sérstakri greinargerð.

----- oOo -----

Hjá Skatta- og lögfræðisviði Deloitte starfa sérfræðingar sem búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á sviði skattaréttar sem og öðrum sviðum lögfræðinnar. Ráðgjöf og þjónusta sviðsins felst m.a. í eftirfarandi:

Skattaráðgjöf

- Almennri skattaráðgjöf á sviði tekjuskatts, virðisaukaskatts, fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts, auðlegðarskatts og annarra opinberra gjalda.
- Ráðgjöf um meðferð skatta við slit á félagum, samruna, eigendaskipti þ.m.t. við yfirtökur innanlands og yfir landamæri o.fl.
- Ráðgjöf um skattalega meðferð eftirgjafar skulda og frádráttar á töpuðum kröfum.
- Ráðgjöf vegna fyrirframgreidds arfs.
- Ráðgjöf um hvaða félagaform hentar best með tilliti til rekstrar og út frá skattalegum sjónarmiðum, ráðgjöf um endurskipulagningu félagasamstæða m.t.t. skatta, bæði innanlands og yfir landamæri.
- Meðferð ágreiningsmála fyrir skattyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum.
- Alþjóðlegum skattarétti og ráðgjöf vegna tvísköttunarsamninga.
- Gerð skattalegra áreiðanleikakannanna.
- Málflutningi í skattamálum í samstarfi við lögmannsstofu.
- Ráðgjöf um milliverðlagningu.



Lögfræðiráðgjöf

- Stofnun félaga, hækkun/lækkun hlutafjár, starfsreglur stjórnar, o.fl.
- Gerð lögfræðilegra áreiðanleikakannanna.
- Ráðgjöf um kaup og sölu fyrirtækja.
- Ráðgjöf og skjalagerð m.a. vegna endurskipulagningar, skiptinga og samruna félaga.
- Gerð lánasamninga og tengdra skjala.
- Aðstoð við skráningu fyrirtækja.
- Almenn samninga- og skjalagerð.
- Gerð ráðningarsamninga, starfslokasamninga, leigusamninga og kaupréttarsamninga.
- Ráðgjöf á sviði gjaldeyrislöggjafar, gerð undanþágubeiðna og samskipti við Seðlabanka Íslands.
- Samskipti við yfirvöld.
- Ráðgjöf á sviði samskeppnismála.
- Ráðgjöf á sviði gjaldprotaréttar.

Fylgni

- Skattframtalsgerð og aðstoð við gerð skattframtala.
- Yfirferð skattframtala félaga.
- Skattskoðun / yfirferð skattútreikninga.
- Útreikningur launatengdra gjalda og staðgreiðslu.
- Öflun atvinnu- og dvalarleyfa og önnur viðvarandi þjónusta.
- Vsk-umboðsmennska.
- Önnur skýrsluskil, s.s. vegna virðisaukaskatts, fjármagnstekjuskatts og staðgreiðsluskatta og annarra gjalda.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.